

## ÞJÓDMÁL

# AFSKIPTI RÍKISINS OG HINS „OPINBERA“ ERU ORÐIN OF MIKIL HÉR Á LANDI

Viðtal við Birgi Kjaran stórkaupmann, alþingismann, bókaútgefanda og rithöfund. — Birgir er einnig formaður stjórnar Seðlabanka Íslands og stjórnar Flugfélags Íslands. Hann er enn fremur formaður Náttúruverndarráðs.

**F.V.:** Hverjum augum lítið þér á aðstöðu frjálsrar verzlunar á Íslandi um þessar mundir?

**B.Kj.:** Ég tel stefnu núverandi ríkisstjórnar, að veita verzluninni sem mest frelsi, í grundvallaratriðum rétta. Hinu er ekki að neita, að sökum verzlunarsamninga okkar við sum Austur-Evrópuríkin, hefur af illri nauðsyn orðið að setja verzlunarfrelsinu nokkur

takmörk. Þá hefur og peningamarkaðurinn þrengt stakk verzlunarinnar, eins og raunar fleiri atvinnugreina, því að gengisfell-ingarnar hafa auðvitað haft það í för með sér, að meira fjármagn, talið í krónum, þarf til þess að reka fyrirtækin. Hins vegar hefur bankakerfið ekki megnað að láta það rekstursfé í té. Til viðbótar má og geta þess, að með núver-

andi verðlagsákvæðum er verzlunarlagning svo naumt skorin við nögl, að í mörgum tilfellum nægir hún hvergi nærri til þess að greiða almennan verzlunarkostnað, hvað þá að fyrirtækin geti myndað nauðsynlega sjóði til þess að standa undir skakkaföllum og misjöfnu viðskiptaárferði.

**F.V.:** Teljið þér, að reynsla síðustu ára sýni, að Íslendingar geti ekki búið við jafn víðtækt frelsi í verzlun og viðskiptum og nágrannabjóðir þeirra?

**B.Kj.:** Verzlunarfrelsi nágrannabjóðanna er dálítið mismunandi. Þó hefur sú grundvallarregla verið ríkjandi hjá þeim flestum, að reyna að hafa það sem víðtækast og gera verzlunina sem frjálsasta. Okkar stefna í viðskiptum við aðrar þjóðir hlýtur vissulega að móttast töluvert af stefnu þeirra. Ef við viljum njóta markaða þeirra, krefjast þær, að við veitum útflutningi þeirra svipuð kjör og okkar útflutningur hefur hjá þeim. — Þegar menn biðja um vernd fyrir innlenda framleiðslu í formi verndartolla til atvinnuaukningar í landinu, verða þeir að hafa hugfast, að slíkar ívilnanir geta leitt til tollaálaga erlendis, svo að markaðir erlendis þrengjast fyrir útflutningsafurðir okkar, og fleiri menn missa ef til vill atvinnu af þeim sökum, en atvinnuaukningu í iðnaði nemur. Ég held því, að sem víðtækast verzlunarfrelsi sé



Birgir Kjaran: „Ísland hefur almennt ekki hag af því að ganga í norrænt efnahagssamstarf“.

þjóðinni lífsnauðsyn, bezta kjara-bótin neytendum til handa, og öll þjóðin er neytendur. Frjáls samkeppni er áreiðanlega eina raunhæfa verðlagseftirlitið.

**F.V.:** Eru ekki afskipti ríkisins af atvinnurekstri og framkvæmdum í landinu orðin geigvænlega mikil? — Þess eru dæmi, að útgerðarfélag í einni stærstu verstöð landsins, hafi orðið að láta nýjasta skip sitt af hendi vegna fjárhagsörðugleika á sama tíma

og ríkið veitti öðru afskekktu sveitarfélagi lán til þess að kaupa þetta sama skip. Getur þetta talizt eðlileg meðferð málsins hjá valdhöfunum, sem segjast aðhyllast frjálst framtak?

**B.Kj.:** Ég er ekki í nokkrum vafa um, að afskipti ríkisins og hins „opinbera“ eru orðin of mikil hér á landi og varla samrýmanleg því þjóðfélagsformi, sem kallast, — hvort sem menn heldur vilja nefna það, — „borgaralegt“

eða „kapitalískt“. Af þessum ástæðum hefur yfirbygging þjóðfélagsins hlaðizt um of upp. „Velferðarþjóðfélagið“ okkar hleður á sig nefndum og stjórnnum, sem alltof oft eru seinvirkar, tefja og jafnvel hindra framtak einstaklinga, stuðla ekki að framtaki og hugvitsemi þeirra, sem leita vilja að nýjum leiðum. Mesti auður hverrar þjóðar er í rauninni ekki falinn í svokölluðum auðlindum, heldur í mannfólkinu sjálfu; og á íslenzku fólki hef ég tröllatrú, — ekki sízt yngstu kynslóðinni, þótt hún í augum sumra sé með óþarfa brambolt. — Á sölu skipa frá einum stað til annars vil ég engan dóm leggja. Hitt er almennt vitað, að ef mjög fámenn þjóð vill halda frumburðarrétti sínum til víðfeðms lands, verður hún að byggja það og nýta, jafnvel annes og skaga. Víst fylgja því stundum ókjör að búa á slíkum stöðum, og þess vegna verðum við, sem betur erum settir, að axla nokkuð af byrðum þeirra.

**F.V.:** Mörgum finnst hætt við því, að aðgerðir sem þessar og raunar líka beinar óskir atvinnurekenda um aðstoð ríkisvaldsins og afskipti þess af atvinnurekstri geri alþýðu manna áhugalausar um frjálst framtak einstaklingsins eða beinlínis neikvæða í afstöðunni til þess. Hvað haldið þér um þetta?

**B.Kj.:** Það fer ekki milli mála, enda margreynt, að ef ábyrgð og forsjá einstaklingsins er velt yfir á einhvern nafnlausan aðilja, hvort heldur hann heitir „ríki“ eða annað, þá lamast ábyrgðartilfinning og vilji til þess að greiða sjálfur fram úr eigin vandamálum. Þess hefur og óneitanlega gætt í ofvaxandi mæli, t. d. í sambandi við kjaradeilur, að vinnuveitendur hafa ekki viljað standa í stríðinu og ætlað ríkinu að leysa hlut sinn. Þá vanhagar og líka um allar almennar upplýsingar í þessum efnum, — og ég vil jafnvel segja „áróður“, þótt ljótt orð þyki. — Almennigur þarf nefnilega að gera sér ljóst, að svokallaðar kjarabætur sækir hann aðeins í eigin vasa, þau verðmæti, sem hann framleiðir. Menn halda ekki atvinnu nema atvinnuvegirnir gangi, — og þeir ganga ekki til frambúðar, nema þeir standi und-



## Rétt samsettur morgunverður, ræður miklu um dagsverkið!

*Ostur er stór hluti af rétt samsettum morgunverði. Því ostur inni“ heldur ríkulegt magn af prótein. Og prótein er nauðsynlegt vexti og dagnði barnanna og starfsvilja fullorðna fólksins. Setjið því ost á borðið, hann er þægilegur að framreiða . . . og bragðast vel !!!*

*Osta- og smjörsalan*

ir sér, og verður þá atvinnulítið hjá komandi kynslóð, ef fjármagnsmýndunin ferst fyrir, svo að atvinnuvegirinn verða ekki byggðir upp og endurnýjaðir.

**F.V.:** Fyrir skömmu kom það fram í fréttum, að íslenskur uppfinningamaður, sem hlotið hafði viðurkenningu á erlendum vettvangi, taldi vonlaust að hefja framleiðslu hérlandis á tækjum, sem hann smíðaði, vegna þess, að ekki mundi reynast unnt að fá nauðsynlegt 10—12 milljón króna lán í íslenskum bönkum. Sannar þetta dæmi ekki, að brýn þörf sé fyrir skipulagsbreytingu á stjórn bankanna og þeim reglum, sem þar gilda, m. a. um lánveitingar?

**B. Kj.:** Ég las þessa frétt eins og þér í dagblöðum, og því skal ekki neitað, að hún kom illa við mig. Þetta mál hefur hins vegar aldrei komið fyrir mín augu hjá þeirri stofnun, sem ég er viðriðinn, sem er Seðlabanki Íslands, og hefði ég vissulega haft áhuga fyrir að kanna málavexti. Hvernig sem í pottinn er búið með þetta einstaka tilfelli, tel ég ekki, að það út af fyrir sig sanni neitt um að breyta eigi skipulagi bankanna eða stjórn þeirra. Aftur á móti eru önnur rök almenns eðlis, sem benda til þess, að nokkurra breytinga sé þörf á bankakerfinu, aðalbönkum og útibúum, þótt slík skipulagsbreyting greiði ekki skyndilega úr þeim fjármagnsskorti, sem atvinnuvegirinn eiga nú við að stríða.

**F. V.:** Hvor hefur meira áhrifa-vald um lánastarfsemi bankans, ráðherrann eða bankastjórinn?

**B. Kj.:** Þessu er auðsvarað. Valdsvið bankaráðanna er nokkuð mismunandi, t. d. er vald bankaráðs Seðlabankans tiltölulega minna en bankaráða viðskiptabankanna. Vald bankastjóranna er aftur á móti á móta í öllum bönkunum. Útibússtjórar hafa á hinn bóginn sums staðar meira vald, svo langt sem það nær, en einstakir bankastjórar bankanna, vegna þess, að þeir taka einir ákvarðanir um þau mál, sem útibúin fjalla um, en bankastjórar aðalbankanna jafnan fleiri en einn við ákvörðun mála. Það fer vitaskuld ekki milli mála, að bankastjórar ráða meiru um lána-


starfsemi bankanna, en einstakir ráðherrar, enda eru bankastjórar ábyrgir gagnvart bankaráðum, en ekki ráðherrum. Vald ráðherra felst helst í því, að hann getur með samþykki alþingis lagt fyrir ríkisbankana að leggja fram fé til ákveðinna framkvæmda. Þó munu slíkar ákvarðanir sjaldan teknar án þess að hafa áður samráð við bankana. Ráðherrar geta að sönnu eins og aðrir borgarar snúið sér til bankanna um fyrirgreiðslur vegna sjálfra sín eða skjólstæðinga sinna, en verða þar eins og

aðrir að styðja málflutning sinn rökum. Vegna margháttaðra fyrirgreiðslustarfa, sem leggjast á arlaga þeirra, verður þeim summa þingmenn fyrir hönd byggðum hverjum kannski tíðkomnara í bankana en almenningi, og er það aðeins samkvæmt eðli málsins. Ég hef aftur á móti aldrei heyrt, að þeir séu neitt aðgangsharðari en aðrir í lánastofnunum landsins.

**F.V.:** Hverjum augum lítið þér á framtíðarhorfur í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar?



Getum framleitt 1 flokks pappaumbúðir fyrir mjólk, ávaxta-drykki og aðra fljótandi vöru, sem hentar vel að láta í pappaumbúðir



Útvegum einnig áfyllingarvélur af ýmsum stærðum. Vélarnar eru seldar við sanngjörnu verði (ekki leigðar). Kvaðalaust, ekkert vélaleigugjald, ekkert einkaleyfisgjald. Allar nánari upplýsingar hjá



**Kassagerð Reykjavíkur h.f.**  
KLEPPSVEG 33 SÍMI 38383.

**B. Kj.:** Satt bezt að segja kann ég ekki fremur svar við þessari spurningu en margur annar. Að vísu blæs ekki byrlega fyrir okkur í bili, enda engin furða, þegar framleiðsla þjóðarinnar minnkar um a. m. k. 20—25% á einu ári; og markaðir lokast annaðhvort skyndilega, svo sem fyrir skreiðina, eða verð útflutningsvara okkar fellur á öðrum mörkuðum um 20—40%. Þó held ég fastlega að úr rætist. Sú skoðun er byggð á þeirri forsendu, að fólki fer stöðugt fjölgandi í heiminum, og fleiri munna þurfa meiri fæðu, auk þess, sem fólk vill fá og þarfnast bættra lífskjara. Við erum og verðum, líklega um ófyrirsjáanlegan tíma, fyrst og fremst matvælaframleiðendur. Við flytjum út góð og holl matvæli, rík af fjörefnum og hitaeiningum. Mestu skiptir að vanda þessar vörur og umbúðir þeirra, kynna þær og kunna að selja þær. Þá þurfum við og að gera okkur ljóst, að kostnaður við framleiðsluna má ekki vera hærri en svo, að verð þeirra sé jafnan samkeppnisfært. Og að lokum, lífskjör þeirra þjóða, sem varanna þarfnast, þurfa að

vera svo góð, að þær hafi kaupmátt til þess að kaupa vörurnar.

**F.V.:** Teljið þér líklegt, að aukin samvinna tækist við fjársterka erlenda aðila um uppbyggingu nýrra iðngreina og til efnahagslegra framfara á Íslandi?

**B. Kj.:** Meðal þess, sem Íslendinga vanhagar einna mest um, er fjármagn og verk- og sölukunnátta. Þess vegna er ég sannfærður um, að við eigum að leita út fyrir landsteinana í þessum efnum. Allar þjóðir, sem vilja koma atvinnuvegum sínum á reksþöl, fara líka þessa leið. Mættum við þar öðrum fremur huga að Norðmönnum, sem eru þó ekki síður viðkvæmir fyrir sjálfstæði sínu en við, enda hafa og reynsluna erfiðari. Þeir hlúa að og greiða fyrir erlendu fjármagni og framtaki í landi sínu. Ég er þess fullviss, að við eigum að vinna með öðrum þjóðum að því að leysa efnahagsvanda okkar og byggja upp nýjar atvinnugreinar, en gæta þess varfærni í þeim efnum sem öðrum.

**F.V.:** Hvað finnst yður um hugmyndir um norræna efnahags-samvinnu og hugsanlegt tollabandalag Norðurlandþjóðanna?

**B. Kj.:** Það vill svo til, að ég er hugmyndinni um norrænt tollabandalag nokkuð kunnugur og ritaði töluvert um það á sínum tíma, eða þegar hugmyndin kom einna fyrst fram. Var ég m. a. efnahagsráðunautur íslenzku ríkisstjórnarinnar á fyrsta fundinum, sem ríkisstjórnir Norðurlanda héldu um þetta efni í Oslo árið 1947.

Sú spurning, sem hér er beint að mér, er tvíþætt, sem sé hvort Ísland ætti að sækjast eftir eða teldi sér hag í að verða aðili að efnahagssamvinnu Norðurlanda, t. d. ganga í tollabandalag þeirra. Og hin spurningin, hvert er viðhorf mitt til norræns tollabandalags almennt.

Fyrri spurningunni get ég verið fljótur að svara og er það neikvætt. Ég tel Ísland ekki hafa almennt hag af að ganga í norrænt efnahagssamstarf, sumpart vegna þess, hve markaðir eru þar takmarkaðir fyrir flestar afurðir okkar, að öðru leyti vegna þess, að Norðurlandþjóðirnar hinar eru á ýmsum veigamiklum sviðum beint keppinautar okkar og í þriðja lagi tel ég, að of náið samstarf við þær í viðskiptamálum geti torveldað



**EFSTA HÆÐIN TIL LEIGU**  
**JUPITER OG MARZ H.F.**

okkur aðra efnahagssamvinnu, sem ég álít þýðingarmeiri. – Þetta útilokar þó ekki að gerðar séu tilraunir í þessa átt á einstökum sviðum, eins og raunar hefur þegar verið gert. Á ég þar við takmarkaða samvinnu Eimskipafélags Íslands og S.A.S.

**F.V.:** Þér eruð í stjórn F.Í. Rekstur þess hefur gengið miður vel að undanförmu og aukin samkeppni á flugleiðum milli Íslands og nágrannalandanna verður félaginu óhagstæð að mati ferðamálasérfræðinga; nú þegar hefur F.Í. all náði samstarfi við SAS flugvélasamsteypuna á Norðurlöndum. Er stjórn F.Í. hlynnt eflingu þessa samstarfs við SAS?

**B. Kj.:** Það er ekki rétt, að rekstur Flugfélags Íslands hafi gengið miður vel að undanförmu almennt séð. Þvert á móti hefur nýting véla verið góð og rekstur verið endurskoðaður og bættur. Hitt er annað mál, að afkoman hefur verið erfið, og veldur þar mestu um, hversu hart gengisfellingarnar hafa komið niður á félaginu, því að þær hafa kostað félagið um 300 millónir ísl. króna, eða jafn-

mikið og kaupverð Boeing-potunnar var. Því er ekki að leyna, að við kvíðum nokkuð aukinni erlendri samkeppni á flugleiðum okkar, og af þeirri ástæðu er það, að við höfum sótt fast eftir að fá lendingarrétt á Reykjavíkurflugvelli. Það óhagræði að þurfa að lenda á Keflavíkurflugvelli í stað Reykjavíkurflugvallar kostar félagið á ári ca. 15 milljónir króna aukalega, auk ýmis konar óþæginda, sem erfitt er að meta til fjár. — Lítil reynsla er enn fengin fyrir samstarfinu við SAS, á þessu stigi málsins, enda aðeins hugsað sem tilraun á einni flugleið. Of fljótt er því að fella endanlegan dóm um það. Auðséð er, að á slíku samstarfi eru bæði kostir og gallar. Til kosta má nefna, að þar komumst við ókeypis inn í hið mikla sölu- og auglýsingakerfi SAS um allan heim og ættum því eitthvað að geta aukið flutninga okkar. Ókosturinn er hins vegar sá, að vafalaust missum við eitthvað af farþegum SAS, sem við ella hefðum fengið.

**F.V.:** Og að lokum Birgir, hvaða ráð mynduð þér gefa ung-

um Íslendingum, sem vildu láta að sér kveða í viðskiptalífínu og þeirri uppbyggingu í landinu, sem allir virðast sammála um að fari fram á næstu árum og áratugum?

**B. Kj.:** Ég held, að aukin menntun sé það, sem mest á ríður. Kröfur til menntunar í heiminum vaxa óðfluga, ekki síður í viðskiptum en á öðrum vettvangi. Á ég þar ekki einungis við bóklega menntun, heldur líka praktíska þekkingu, kynni af atvinnuvegum þjóðarinnar og markaðslöndum, þekkingu á neyzlumörkuðum í öðrum löndum og á framleiðslu- og markaðskerfi keppinauta okkar. Ég held, að ríkisvaldið og sölu-samtökin ættu í ríkara mæli að greiða fyrir ungum mönnum, sem leita vilja markaða fyrir íslenskar vörur og jafnvel setjast að erlendis til að koma þar á fót sölukerfi fyrir íslenskar afurðir. Ef við áætluðum að rétta okkur úr kútnum, byggist það fyrst og fremst á duglegu, verkunnandi, hugkvæmu og menntuðu fólki.



# Ω OMEGA COSMIC SEAMASTER

**SJÁLFVIRK  
HÖGGVARIN  
VATNSÞÉTT**

**Fást hjá  
helztu  
Úrsmíðaverzlunum  
landsins**